



Reykjavík 5. mars 2007

## Tillögur um aðgerðir til að draga úr svifryksmengun

Á fundi Umhverfissráðs mánudaginn 5. mars var neðangreind tillaga samþykkt af meirihluta og minnihluta ráðsins:

Umhverfissráð samþykkir í framhaldi af þeirri miklu vinnu sem þegar hefur verið unnin á vegum borgarinnar að þegar verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir til að sporna við frekari svifryksmengun:

- Viðræður verði hafnar við lögreglu höfuðborgarsvæðisins um tímabundna lækkun hámarks hraða á stofnbrautum þegar veðurfarslegar aðstæður og raunmælingar gefa til kynna að svifyrk muni aukast í borginni.
- Athugun á kostum þess og göllum að taka upp gjaldtöku eða aðrar takmarkanir á notkun nagladekkja, í samvinnu við ríki og önnur sveitarfélög.
- Haldið verði áfram að rykbinda umferðaræðar borgarinnar þegar ástæða þykir.
- Sett verði skilyrði í útboð borgarinnar vegna framkvæmda á hennar vegum varðandi frágang framkvæmda- og byggingasvæða. Þetta mætti gera með þvotti á dekkjum vörubíla frá framkvæmdasvæðinu og rykbindingu lausra efna á svæðinu.
- Sett verði skilyrði um lágmörkun rykmyndunar í starfsleyfi um niðurrif húsa.
- Haldið verður áfram með upplýsingamiðlun til borgarbúa um svifyrk og hvernig hægt er að draga úr svifryksmengun.
- Athugað verði, í samstarfi við Umferðarstofu, með styttingu leyfistíma nagladekkja.
- Framkvæmdasvið kanni möguleika þess að nota slitsterkari efni til gatnagerðar á helstu umferðaræðum borgarinnar.
- Kannað verði með Strætó bs. hvort unnt sé að vera með tilboð eða sérstök afsláttarverð í strætisvögnum þegar mengunarútlit er slæmt.
- Umhverfissráð ítrekar að Reykjavíkurborg hefur verið í forystu í umræðum um loftgæði og aðgerðir gegn svifyrki í borginni. Raunverulegur árangur næst þó ekki með aðgerðum Reykjavíkurborgar einnar heldur verða önnur sveitarfélög og ríkið að koma að borðinu. Ekki má gleyma íbúum höfuðborgarsvæðisins sem sjálfir geta lagt þyngstar lóðir á vogaskálarnar með eigin aðgerðum.”